



Fundargerð

**Stjórn VJB - 124. fundur stjórnar VJB haldinn Fjarfundur,
6. nóvember 2018, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Anton Freyr Birgisson varamaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir aðalmaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarféлага, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri/kerfisstjóri, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri og .

Fundargerð ritaði: Björn Ingi Jónsson, aðalmaður.

1. Svæðisráð norðursvæðis - 54 - 1809005F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

Anton Freyr fór yfir fundargerð. Verið er að vinna að skipulagsmálum á norðursvæði.

2. Svæðisráð norðursvæðis - 55 - 1810003F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

Anton Freyr fór yfir fundargerð. Verið er að vinna að möguleikum á uppbyggingu í nálægð við Dettifoss. Einnig upplýst að starfsaðstöð þjóðgarðsvarðar í Mývatnssveit hefur verið flutt Þekkingarmiðstöðina Mikley á vegum Skútustaðarhrepps. Í því húsnæði eru einnig til húsa Þekkingarnet Þingeyinga, Mývatnssstofa, Geochemý og GeoTravel, sem og hreppsskrifstofa sveitarfélagsins.

3. Svæðisráð austursvæðis - 90 - 1811001F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

Eyrún fór yfir fundargerð og stefnt er á að halda samráðsfund á austursvæði í byrjun næsta árs. Einnig er talsverð umræða um vegslóða á svæðinu og stefnir svæðisráð á að fara yfir málið í heild sinni. Meðal annars til að komast að því á forræði hverra þessir vegir og vegslóðar eru og þá forgangsröðun vegna framkvæmda.

4. Svæðisráð suðursvæðis - 61 - 1810001F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

Björn Ingi fór yfir fundargerð minnti á 50 ára afmæli þjóðgarðs í Skaftafelli ákveðið hefur verið að halda uppá daginn 24. nóvember og dagskráin auglýst á heimasíðu þjóðgarðsins.

5. Svæðisráð suðursvæðis - 62 - 1810008F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

Björn Ingi fór yfir fundargerð.

6. Svæðisráð vestursvæðis - 70 - 1810006F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

Heiða fór yfir fundargerð og lýsti miklum áhuga svæðisráðs á auknu samstarfi í Skaftárhreppi við Umhverfisstofnun.

7. Framkvæmdaráð VJP - 3 - 1810002F

Formaður stjórnar fer yfir atriði úr fundargerð.

Guðrún fór yfir fundargerð.

8. Rekstur 2018 - 1802007

Fjármálastjóri fer yfir stöðuna.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri - 09:30

Daglegur rekstur er í jafnvægi en sértekjur eru undir áætlun og sérfræðipjónusta og húsnæði umfram það sem áætlað var.

9. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fara yfir drög að rekstraráætlun.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri - 09:45

Framkvæmdastjóri fór yfir ferli vinnunnar við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2019. Rekstraráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð vegna ársins 2019 hefur verið unnin undanfarnar vikur í samráði fjármálastjóra, framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarða.

Stjórn vill koma á framfæri þökkum fyrir góða vinnu við gerð rekstraráætlunar vegna ársins 2019 en því miður er ekki hægt að verða við ítrustu óskum. Tillaga stjórnar varðandi lykiltölur 2019 eru eftirtaldar:

Rekstrarútgjöld:

- Laun og launatengd gjöld 530 milljónir
- Önnur gjöld 247 milljón

Rekstrartekjur

- Ríkisframlag rekstur 507 milljónir
- Sértekjur 330 milljónir

Framangreind tillaga að rekstraráætlun Vatnajökulspjóðgarðs vegna ársins 2019 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á samtals 60 milljónir sem ætlað er að greiða niður hluta rekstrarhalla síðustu ára. Stjórn samþykkir framangreinda tillögu að rekstraráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð vegna 2019.

Fjármálastjóra og framkvæmdastjóra falið að ljúka vinnu við að fínstilla áætlunina á grundvelli framangreindra lykiltalna í samvinnu við þjóðgarðsverði og koma henni inn í áætlanakerfi ríkisins (Akra) auk þess að skila áætluninni til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins með bréfi og sérstakri greingerð.

Stjórn áréttar mikilvægi þess að áætlunin verði endurskoðuð og yfirfarin eigi síðar en í mars 2019 auk þess sem gerðar séu mánaðarlegar fráviksgreiningar. Stjórn áréttar að auknar sértekjur styrkja þá þjónustu og uppbyggingu innviða sem æskileg er í ljósi fjölgunar ferðamanna sem heimsækja þjóðgarðinn.

Varðandi framkvæmdir er það tillaga stjórnar að hafist verði handa við byggingu Skaftárstofu á árinu 2019 og verði þeirri framkvæmd áfangaskipt á árin 2019-2021.

10. UNESCO - 1808005

Erindi frá IUCN dagsett 8. október. Í framhaldi af heimsókn fulltrúa IUCN 24. til 30 september s.l. eru óskað eftir nánari útskýringum á nokkrum atriðum er varða stjórnun

og rekstur þjóðgarðsins.

Stjórn felur framkvæmdaráði í samráði við þjóðgarðsverði eftir því sem við á að leita svara við þeim spurningum sem beint er til Vatnajökulsþjóðgarðs vegna erindis frá IUCN.

11. Veitingasala Skaftafelli - 1805004

Málinu var vísað af stjórn til umsagnar í svæðisráði suðursvæðis. Málið var tekið fyrir á fundi svæðisráðs nr.61 og eftirfarandi bókað.

"Eftir vel ígrundaðar umræður og vettvangsskoðun er það niðurstaða svæðisráðs að þörf sé fyrir veitingarekstur á svæðinu og að sá rekstur verði boðinn út. Við gerð útboðsgagna er brýnt að tekið verði mið af umhverfisstefnu og náttúruvernd svæðisins. Mikilvægt er að tekið verði tillit til síkvikrar þróunar á umfangi og rekstri þjóðgarðsins á svæðinu. Eins er mikilvægt að í útboðsgögnum verði ekki gert ráð fyrir að starfsfólk veitingasölu hafi búsetu innan þjóðgarðs."

Stjórn samþykkir tillögu svæðisráðs suðursvæðis um að veitingasala í Skaftafelli verði boðin út. Framkvæmdastjóra falið í samráði við þjóðgarðsvörð á suðursvæði og formann svæðisráðs suðursvæðis að láta vinna útboðsgögn fyrir útboð sem fari fram í samráði við Ríkiskaup. Mikilvægt er að vinna málið eins hratt og mögulegt er svo að nýjir aðilar geti hafið veitingarekstur í Skaftafelli í byrjun næsta árs.

12. Suðursvæði: samráðsfundur, afþreyingarferðapjónusta - 1809005

Svæðisráð fjallaði um greinargerð frá samráðsfundi 4. október s.l. og telur þessa vinnu mjög mikið framfaraskerf í samskiptum við rekstraraðila innan þjóðgarðs en leggur áherslu á að áframhald verði á samvinnu við rekstar- og hagaðila í og við þjóðgarðinn á breiðum grundvelli. Mikilvægt að greinargerð verði komið á framfæri við stjórn og almenning á vef þjóðgarðsins.

Stjórn þakkar svæðisráði suðursvæðis fyrir greinargerð vegna samráðsfundar með rekstraraðilum innan þjóðgarðsins sem var haldinn þann 4. október síðastliðinn. Stjórn hvetur svæðisráð suðursvæðis til að halda áfram þeirri góðu faglegu vinnu sem hafin er á suðursvæði við vegna stjórnunar- og verndaráætlunar og deiliskipulags við Jökulsárlón. Mikilvægt er að flýta þeirri vinnu eins og mögulegt er.

13. Skaftafell-Eftirlitsskýrsla HAUST - 1810008

Erindi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, HAUST dagsett 9. október lagt fram. Erindið gerir grein fyrir úttekt HAUST á starfssvæði Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli og úrbótum sem gera þarf á svæðinu. Erindið var tekið fyrir á fundi svæðisráðs suðursvæðis nr.61 og eftirfarandi meðal annars bókað Svæðisráð leggur til að unnin verði tímasett aðgerðaráætlun, nauðsynlegt er að hún verði unnin í samráði við HAUST. Svæðisráð óskar eftir að stjórn taki málið upp en augljóst er að sérstakar fjárveitingar þarf til að vinna þetta verk. Þó allt framkvæmdafé sem þjóðgarðurinn hefur samkvæmt fjárlögum hvers árs yrði sett í framkvæmdina myndi það taka mörg ár að koma málum í viðunandi horf.

Stjórn óskar eftir því að framkvæmdaráð sendi umhverfis- og auðlindaráðherra skriflegt erindi til að leita eftir samstarfi við að afla sérstakra fjárveitingu vegna nauðsynlegra úrbóta sem kraftist er af Heilbrigðiseftirliti Austurlands við innviði í Skaftafelli. Um er að ræða kostnaðarsamar framkvæmdir við frárennslimál, vatnsveitu og mannvirki. Í Skaftafell koma um 1 milljón ferðamanna ár hvert.

14. Vestursvæði - samstarf - 1810012

Ósk þjóðgarðsvarðar og sérfræðings Umhverfisstofnunar um að auka samstarfs VJÞ og UST í Skaftárhreppi á svipuðum nótum og gert hefur verið með góðum árangri í Hrauneyjum undanfarin ár. Erindið var tekið fyrri á svæðisráðsfundi vestursvæðis nr. 70 og eftirfarandi bókað Svæðisráð tekur heilshugar undir ósk um aukið samstarf og bendir á góðan árangur af samsvarandi samstarfi í Hrauneyjum.

Stjórn samþykkir tillögu um aukið samstarf Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfisstofnunar vegna landvörslu í Skaftárhreppi. Framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði á vestursvæði

er falið að vinna að útfærslu samstarfsins með Umhverfisstofnun.

15. Gestastofa við Kirkjubæjarklaustur - 1805024

Farið yfir stöðu mála varðandi byggingu gestastofu við Kirkjubæjarklaustur.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu málsins. Búið er að fullhanna bygginguna og unnið er að endurskoðun kostnaðaráætlun vegna framkvæmdarinnar. Ekki er búið að fjármagna að fullu byggingu húsins. Einnig er eftir að fjármagna hönnun og uppsetningu á sýningu í húsínu og reksturinn til framtíðar. Fjármálastjóri hefur lagt fram til ráðuneytisins kostnaðaráætlun vegna sýningar og reksturs húsins

16. Jökulsárlón - meint samkeppnishamlandi athafnir gegn Ice Lagoon ehf - 1811004

Erindi frá samkeppniseftirlitinu dagsett 8. október. Ice Lagoon hefur sent inn til samkeppniseftirlitsins kæru og er þjóðgarðinum boðið að koma að sjónarmiðum sínum og viðeigandi upplýsingum um málið.

Stjórn áréttar það sem fram kemur í svari stofnunarinnar til Samkeppniseftirlitsins að allar athafnir og uppbygging á svæðinu við Jökulsárlón eru í samræmi við lögbundið hlutverk Vatnajökulspjóðgarðs og hafa ekki í för með sér hamlandi áhrif á samkeppni fyrirtækja á svæðinu. Stjórn áréttar einnig að hafin er vinna við endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins við Jökulsárlón sem er grunnforsenda þess að skipuleggja til lengri tíma atvinnustarfsemi á svæðinu og aðra landnýtingu í tengslum við þann gríðarlega fjölda ferðamanna sem kemur á svæði dag hvern. Þessi vinna mun taka nokkur tíma og verður byggð á víðtæku samráði og samtali við hagsmunaaðila á svæðinu.

17. Aðstaða og viðvera viðbragðsaðila í Örfæfum - 1811005

Erindi frá íbúum í Örfæfum dagsett 2. nóvember. Ósk um að stjórn Vatnajökulspjóðgarðs beiti sér fyrir því að viðbragðsaðilar verði staðsettir í Örfæfum. Þar er horft til þess í ljósi mikillar fjölgunar ferðamanna á svæðinu sé æskilegt að manna löggæslu, hjúkrunarþjónustu og mannaðan sjúkrabíl í Örfæfum.

Einnig hafa borist sambærileg erindi frá starfsmönnum Vatnajökulspjóðgarðs í Skaftafelli og Björgunarsveitinni Kára í Örfæfum.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs þakkar íbúum, starfsfólki og fulltrúum björgunarsveitarinnar Kára í Örfæfum kærlega fyrir erindið og það frumkvæði sem þeir hafa sýnt í þessu brýna málefni. Stjórn felur framkvæmdaráði að rita bréf til umhverfis- og auðlindaráðherra vegna erindis íbúanna og óska eftir því að þetta mikilvæga mál verði tekið til umræðu hjá viðeigandi stofnanna.

18. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fer yfir mál og verkefni sem unnið er að frá síðasta fundi.

Fundi slitið kl. 11:50.